

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ingibjörg Guðjónsdóttir
sópran
og

Valgerður Andrésdóttir
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 3. september-1996 kl. 20:30

Ingibjörg Guðjónsdóttir útskrifaðist frá Tónlistarskóla Garðabæjar og stundaði síðan framhaldsnám í söng í Bandaríkjunum og lauk B.M. prófi frá Indiana University í Bloomington. Eftir að námi lauk hefur hún stundað margvísleg tónlistarstörf. Hún hefur komist í úrslit í söngkeppnum héraendis, meðal annars í Tónvakanum, Tónlistarverðlaun RÚV og í alþjóðlegum söngkeppnum í Bretlandi. Hún var fulltrúi Íslands á eftirtöldum Tónlistarhátíðum: *Scandinavian Festival of Music* í Danmörku, Tónlistarhátíð ungra norrænna einleikara og einsöngvara í Stokkhólmi og hinni virtu tónlistarhátíð í Ungverjalandi *Budapest Spring Festival*. Ingibjörg hefur komið fram víða sem einsöngvari og haldið fjölda tónleika. Hefur hún meðal annars sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, BBC Wales Sinfóníuhljómsveitinni, Sænsku Útvarpshljómsveitinni og í apríl síðast liðnum með Sinfóníuhljómsveitinni í Óðinsvéum í Danmörku.

Valgerður Andrésdóttir lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1985 og haustið sama ár hóf hún nám við Lista-háskólann í Berlín (Hochschule der Kunste). Hún lauk píanókennara-prófi árið 1990 og burtfararprófi tveimur árum síðar. Sama ár fékk hún þriðju verðlaun í alþjóðlegri píanókeppni í Château de Courcillon í Frakklandi. Valgerður hélt sína fyrstu einleikstónleika árið 1990 og hefur síðan komið margsinnis fram héraendis og erlendis og þá bæði sem einleikari og í kammermúsík. Eftir að hún lauk námi bjó hún í Kaupmannahöfn þar sem hún starfaði sem kennari og píanóleikari en Valgerður er nú flutt til Íslands.

Efnisskrá

Peter Heise 1830 - 1879	Ingen blomst i verdens lande Skønne fru Beatriz Skovensomhed Vinhøsttoget
Peter Erasmus Lange-Müller 1850 - 1926	Min tankes tanke ene du er vorden I Min tankes tanke ene du er vorden II Tre sange op. 4 1. Lind 2. Aakande 3. Viol
Alban Berg 1885 - 1935	Sieben frühe Lieder Nacht Schilflied Die Nachtigall Traumgekrönt Im Zimmer Liebesode Sommertage
Serge Rachmaninov 1873 - 1943	Þær svöruðu Um þögla nótt Ég bíð þín Syngdu ekki, fagra Vorleysingar

Þær svöruðu

Þeir spurðu: „Hvernig getum við svifið í léttum bátum eins og hvítir máfar yfir öldurnar svo að varðmennirnir sjái okkur ekki“ „Róið!“ svöruðu þær.

Þeir spurðu: „Hvernig getum við gleymt að eilífu að í heimsins táradal sé fátækt og ógæfa, að þar geysi stormar og ríki sorgir?“ „Sofið!“ svöruðu þær.

Þeir spurðu: „Hvernig getum við unnið fagar konur án galdra: svo að þær falli okkur í arma við ástríðufullt tal okkar?“ „Elskið!“ svöruðu þær.

Victor Hugo - L. Mej sneri á rússnesku

Um þögla nótt

Ó lengi vaki ég um þögla nótt: heillandi hjali þínu,

brosinu, hendingaraugnkasti, þykkum lokkum þínum

sem láta svo vel við snertingu, bægi ég úr huga mér en kalla jafnskjótt fram á ný;

ég hugsa um hvernig betur hefði mátt segja orðin sem ég mælti við þig

svo óframfærinn;

og þvert ofan í alla skynsemi

fullist ég unaðssælu

og hrópa nafn þitt út í náttmyrkið.

Ó lengi vaki ég um þögla nótt

og hrópa nafn þitt út í náttmyrkið

A. Fet

Ég bíð þín

Ég bíð þín! Sólarlagið er að fjara út, og dökk kápa næturinnar býr sig undir að síga niður til jarðar og hylja okkur.

Ég bíð þín! Með ilmþrungnu mistri svalar nóttin sofnuðum heimi og aðskilur liðinn daginn að eilífu frá jörðinni.

Ég bíð! Kvalin af ást tel ég sérhvert andartak, barnafull af þunglyndi og óþolinmæði. Ég bíð þín!

M. Davidova

Syngdu ekki, fagra

Syngdu ekki, fagra, fyrir mig söngvana dapurlegu frá Grúsíu: Þeir minna mig á liðna ævi og fjarlæga strönd.

Æ, þeir minna mig, þessir miskunnarlausu söngvar, á sléttuna, á nótt og, umvafðan mánaskini, fjarlægán svip á ógæfusamrar stúlku.

Þessari sætu en háskalegu sýn gleymi ég þegar ég sé þig, en þegar þú syngur birtist hún mér á ný.

Aleksander Púshkín

Vorleysingar

Ennþá er snjórin hvítur á ökrunum, en vorlækirnir eru þegar farnir að niða, þeir renna og vekja sofandi jörðina, þeir renna og glitra, og hjala.

Þeir hjala út um allt:

„Vorið er að koma, vorið er að koma, við erum sendiboðar vorsins unga, það sendi okkur á undan sér.“

Vorið er að koma, vorið er að koma!“

Og mildir, hlýir maídagar þyrpast að til að stíga glæðlega rjóðan og bjartan hringdans við vorið

F. Tjutchev

Reynir Axelsson þýddi á íslensku

Ingibjörg Guðjónsdóttir og Valgerður Andrésdóttir
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 3. september 1996

Ekkert blóm í öllum heimsins löndum

Ekkert blóm í öllum heimsins löndum býr yfir slíkri fjölkynngi sem þú, og sem söngur yfir vötnum hafsins er rödd þín í huga mér, þegar hafið þegir heillað af lágværum lögum, og ekkert leikur sér nema ljósar öldurnar, og andvarinn lætur sig dreyma í ró.

Og fullt tunglið vefur gulllinda sinn á botni þess, og brjóst þess lyftist hljóðlega eins og hjá sofandi barni, þannig verður sál mín að lúta höfði í ljómanum af auga þínu, með frið í draumum sínum eins og straumar sumarkvöldsins

Byron lávarður

Beatrís hin fagra

Brúðkaup er haldið í Frakklandi, úti í borginni París: Allsendis tígulega gengur í dansinn frú Beatrís hin fagra.

Hún dansaði lengi, hún dansaði vel, hún dansaði létt á tá. Úti stóð greifinn ungi Marteinn og leit hana blíðum augum.

„Heyr þú, ungi Marteinn greifi, og hlýddu á það sem ég spyr þig! Hvort horfir þú á dansinn, eða horfir þú heldur á mig?“

„Ég horfi alls ekki á dansinn, því að margan dans hef ég stigið; ég horfi á þig, því þú ert svo fögur, og það er hjarta mínu til góðs!“

„Sé það þér til góðs, Marteinn greifi, þá tak mig og nem mig á brott! Maðurinn minn er bæði gamall og stirður, hann hleypur ekki með!“

Brúðkaup er haldið í Frakklandi, úti í borginni París: Allsendis tígulega gengur í dansinn frú Beatrís hin fagra.

Skógareinsemd

Gegnum beykiskóginn leiddi ég þig við hönd mér; þar var svo grænt og svalt, við hlýddum á næturgalann.

Það var eins og heimurinn allur með blómum sínum og greinum með skýjum sínum og stjörnum tilheyrði okkur einum.

Við töluðum ekki saman, við komum ekki upp orði, eins og undinn vafningsviður vorum við einmana og sæl.

Það var svo frjálst, afvikði, svo óvarið, kyrrlátt, það var eins og við óskuðum einskis né vildum neitt framar.

Emil Aarestrup

Vínuppskerugangan

Við dönsuðum með yndi! - komdu með í dansinn! - á uppskeruhátíð vínviðarinnar, með sveig úr vínviðarlaufi! Sjáðu! Drottari vínbrekkunnar gengur inn í höll sína með hljómi frá eirskellum, með dansi, með söng!

Hugur hans er sem loftið, auglit hans er sem eldur, vangi hans er sem vínber, sál hans er villt; í flokki uppskerustúlkanna, með vínþrúgur í hári sér - veifar hann öllum í dansinn með sveig úr vínviðarlaufi.

Sál hans gerði sáttmála
við anda eldsins;
hann sundrar öllum böndum
með ofurfvaldi.

Syngjandi gengur drottari
vínbrekkunnar inn í höll sína
á uppskeruhátíð vínviðarins,
með yndi, með yndi.

B.S. Ingemann

Pú ert orðin eina hugsun minnar hugsunar

Pú ert orðin eina hugsun minnar hugsunar
þú ert fyrsta ást hjarta míns,
ég elska þig sem enga hér á jörðu,
ég elska þig um tíma og eilífð.

H.C. Andersen

Þrjú sönglög op. 4

1. Linditré

Ég veit ekki hvernig á því stendur,
né hvort öðrum fer eins og mér,
en hvert sinn sem linditrén blómgast,
þá get ég ekki lengur sofð;
þá fyllast lund mín og hugur
svo undarlega af blómailminum
að ég verð að ganga einn út
í nætursvalann.

En þegar ég geng einn um
í hvíslandi vindi næturinnar,
þá koma gömlu endurminningarnar
og gera mér svo þungt í huga.
Þá geng ég inn í herbergið mitt
og fitla við bók og penna;
en hvert sinn sem linditré blómgast
þá fæ ég óyndi mitt að nýju.

2. Vatnalilja

Þú hljóðláta lótusblóm
frá börmum skógartjarnarinnar,
þú svanur sem vaggar þér á öldunni.
seg mér, sekkur þú um nætur í draumaland?
Er það þessvegna sem þú lokar krónu þinni?
Sökkvir þú þér þessvegna í skógarstrauminn,
þegar kvöldstjarnan tindrar yfir þér?

Æ opna mér bikar þinn bara eitt einasta kvöld-
það er meira en draumurinn sem bendir þér.

3. Fjóla

Fljúgðu af stað, fiðrildi löngunar minnar!
Rjúfðu reifar bláðsins og skjól blómhnappsins,
fljúgðu af stað með ilmi og lit!
Allt of lengi lást þú í snjó og kulda
hulin í vetrarmold tregans
eins og lirfa ástarvonarinnar.

Fljúgðu af stað, þú sendiboði vorsins!
Þú fyrsti frjálsi og nýi frjóangi,
þú von um það sem koma skal!
Fljúgðu af stað til hans, vonar minnar og
trúar,
glóðar hjarta míns, hýbýli ástar minnar,
fljúgðu af stað! Sumarið kemur.

V. Bergsøe

Sjö æskusöngvar

Nótt

Rökkvast ský yfir nótt og dal.
Þokur líða, vötn niða hljótt.
Nú rofar til í einni svipan:
Ó gættu að! Gættu að!

Víðfaðma undraland lýkst upp.
Háreist gnæfa silfrud draumkennd fjöll,
friðsælir stígar silfurbjartir
úr leyndu skauti dalsins;

og veröldin göfug og hrein sem í draumi.
Þögult beykitré stendur við veginn,
skuggasvart, andvari frá fjarlægum lundi
líður einmana og hljótt.

Og úr djúpri dimmu landsins
blika ljós um kyrra nótt.
Drekk þú, sál! Drekk þú einveruna!
Ó gættu að! Gættu að!

Carl Hauptmann

Sefljóð

Á leyndum skógarstíg
læðist ég oft í kvöldskini
niður að auðum sefbakkanum,
stúlka, til að hugsa um þig.

Svo, þegar myrkrið fellur á runna,
gnauðar sefið leyndardómsfullt,
og það kveinar og það hvíslar
að ég skuli gráta, gráta.

Og mér finnst ég heyra hljóminn
af rödd þinni berast á blænum
og unaðslegan söng þinn
farast í tjörninni.

Nikolaus Lenau

Næturgalinn

Það er af því að næturgalinn
hefur sungið alla nóttina;
af ljúfum rómi hans,
í hljómi hans og endurhljómi,
eru rósinar sprungnar út.

Endranær var hún gáskafullur unglíngur;
nú gengur hún djúpt hugsí,
ber sumarhatt í hendi sér
og afber hljóð glóandi sólskinið
og veit ekki hvað hún á að taka sér fyrir hendur.

Það er af því að næturgalinn
hefur sungið alla nóttina;
af ljúfum rómi hans,
í hljómi hans og endurhljómi,
eru rósinar sprungnar út.

Theodor Storm

Draumkóróna

Þetta var dagur hvítra tryggðablóma,
mér ægði næstum dásemd hans . . .
Og þá, þá komst þú til að nema á brott sál mína
um miðja nótt.

Mér var svo órótt, og þú komst ljúft og hljótt,
ég hafði fyrir skemmstu hugsað um þig
í draumi.

Þú komst, og hljótt eins og ljóð úr ævintýri
ómaði nóttin

Rainer Maria Rilke

Innandyra

Haustsólarskin.
Hið ljúfa kvöld lítur svo hljóðlega inn.
Eldurinn rauður
snarkar í ofninum og logar.

Svona! Höfuð mitt hvílir á hnám þér,
þá líður mér vel.
Þegar augun mín dveljast við augun þín,
hve undurhljótt líða mínúturnar hjá.

Johannes Schlaf

Ástaróður

Í örmum ástarinnar sofnuðum við sæl.
Við opinn gluggann lá sumarvindurinn á hleri
og bar friðsælan andardrátt okkar
út í bjarta tunglskinsnótt.

Og úr garðinum laumaðist hikandi
rósailmur að beði ástar okkar
og færði okkur dýrðlega drauma,
drauma um sjálfsgleymi auðugt af þrá.

Otto Erich Hartleben

Sumardagar

Nú líða dagar yfir heiminn,
boðberar blárrar eilífðar,
og tíminn feykist burtu í sumarvindi.
Nú bindur Drottinn sælli hendi
stjörnuveiga á nóttunni
yfir undralandi sem ég geng.

Hjarta, hvað getur á þessum dögum
bjartasti ferðasöngur látið í ljós
af hinni djúpu gleði þinni:
Brjóstið hljóðnar við söng engjanna,
nú þegar orðin, þegar sýn eftir sýn
flykkist til þín og fyllir þig sælu.

Paul Hohenberg